



HÁSKÓLI ÍSLANDS
HJÚKRUNARFRÆÐIDEILD



FRAMHALDSNÁM



Framhaldsnám

Hjúkrunarfræðideild er í samstarfi við marga af fremstu háskólum heims. Lagður er metnaður í að bjóða framúrskarandi nám sem stenst ströngustu alþjóðlegar kröfur og útskrifaðir nemendur eru eftirsóttir starfsmenn á alþjóðavísu.

- Framhaldsnámið opnar fjölmörg tækifæri fyrir hjúkrunarfræðinga og ljósmæður á öllum sviðum heilbrigðisþjónustu til að þróa sig í starfi og takast á við spennandi verkefni.
- Hvort sem áhugi er fyrir því að starfa sem stjórnandi, klínískur sérfræðingur, vísindamaður eða kennari þá veitir framhaldsnámið möguleika á fjölbreyttum leiðum til að hafa áhrif á heilbrigði og velferð landsmanna.
- Í náminu gefast nemendum möguleikar á þátttöku í spennandi klínískum rannsóknum sem ná yfir allt æviskeið mannsins, heilsu og þjónustu með fremstu fræðimönnum landsins í hjúkrunarfræði.

Sjá nánari upplýsingar á hjukrun.hi.is

MS-nám

MS-nám í hjúkrunarfræði er til 120 eininga. Þrjár námsleiðir eru í boði; klínísk kjörsvið, rannsóknþjálfun og hjúkrunarstjórnun. Nemendur sem lokið hafa BS-námi frá Hjúkrunarfræðideild Háskóla Íslands eða sambærilegu námi fá allt að 30 einingar metnar inn í MS-nám. Fullt nám tekur eitt og hálf ári en algengt er að nemendur stundi hlutanám með vinnu. MS-nám í hjúkrunarfræði býðst t.d. á eftirfarandi sviðum:

- **Klínísk kjörsvið**
 - Barnahjúkrun
 - Bráðahjúkrun
 - Geðhjúkrun
 - Gjörgæsluhjúkrun
 - Heilsugæsluhjúkrun
 - Heimahjúkrun
 - Hjúkrun aðgerðasjúklinga
 - Hjúkrun langveikra
 - Skurðhjúkrun
 - Svæfingahjúkrun
 - Öldrunarhjúkrun

- **Hjúkrunarstjórnun**

- **Rannsóknþjálfun**

Námið samanstendur af skyldunámskeiðum og valnámskeiðum sem tengjast sérsviðum nemenda auk meistararitgerðar. Valnámskeið geta verið í Hjúkrunarfræðideild, í öðrum deildum HÍ eða öðrum háskólum og jafnvel erlendis.



Við deildina er kennd ljósmóðurfræði: Meistaránám í ljósmóðurfræði til starfsréttinda, meistaránám í ljósmóðurfræði eftir kandidatspróf og doktorsnám í ljósmóðurfræði.

Nánari upplýsingar á hjukrun.hi.is

Inntökuskilyrði í MS-nám í hjúkrunarfræði: BS-próf í hjúkrunarfræði eða sambærilegt nám og íslenskt hjúkrunarleyfi.

Diplómanám

Hjúkrunarfræðideild býður upp á 30-90 eininga diplómanám á MS-stigi á ýmsum sérsviðum hjúkrunar. Námið tekur um eitt til tvö ár. Nemendur sem ljúka diplómanámi geta fengið hluta þess náms metið inn í MS-nám. Nánari upplýsingar um framboð námsleiða er að finna í Kennsluskrá Háskóla Íslands.

Inntökuskilyrði í diplómanám í hjúkrunarfræði: BS-próf í hjúkrunarfræði eða annað sambærilegt nám og íslenskt hjúkrunarleyfi.

Doktorsnám

Doktorsnám er þriggja ára rannsóknþjálfun til 180 eininga. Doktorsritgerðin sjálf er 180e en bæta má við námskeiðum til allt að 30e. Náminu er ætlað að veita nemendum þekkingu, hæfni og þjálfun í sjálfstæðum vinnubrögðum til að stunda vísindalegar rannsóknir og gegna hagnýtum störfum á innlendum sem og erlendum vettvangi. Hægt er að sækja um doktorsnám allt árið.

Inntökuskilyrði í doktorsnám í hjúkrunarfræði: MS-próf í hjúkrunarfræði eða annað samsvarandi gilt próf að mati fastanefndar um doktorsnám. Hjúkrunarfræðideild og kennarar hennar eru í samstarfi við fjölmarga erlenda háskóla og fræðimenn sem gefur möguleika á námsferðum til annarra landa og samvinnu um verkefni og námskeið á alþjóðavettvangi. Möguleikar eru á styrkjum til námsferða auk þess sem nemendur geta sótt um styrki til náms og fræðistarfa í samstarfi við leiðbeinendur.

*Halldóra Egilsdóttir,
MS-nemi í hjúkrunarfræði*



„Meistaránámið í hjúkrunarfræði hefur verið allt í senn krefjandi, skemmtilegt og lærdómsríkt. Það hefur gefið mér tækifæri til að dýpka þekkingu mína og auka færni bæði á klínískum og fræðilegum vettvangi. Námið er fjölbreytt og námsumhverfið bæði þægilegt og hvetjandi.“

*Yousef Ingi Tamimi,
MS-nemi í hjúkrunarfræði*



„Ég ákvað að skrá mig í MS-nám, rannsóknaleið, samhliða svæfingahjúkrun sem viðbótardiplóma. Hæfni mín sem klínískur hjúkrunarfræðingur hefur aukist töluvert og fræðilega þekkingin sem ég fæ úr MS-námi hefur hjálpað mikið við að skilja

betur hjúkrunarfræðina sem fræðigrein. Námið gerir mér enn betur kleift að skoða með gagrýnum augum þær aðferðir og meðferðir sem við beitem. Það kom á óvart hve gaman ég hef haft af rannsóknarvinnu og því þverfaglega samstarfi sem ég hef tekið þátt í. Dyggur stuðningur leiðbeinenda minna hefur hjálpað verulega við að gera námið skemmtilegt og áhugavert sem og kennarar deildarinnar eru ávallt tilbúnir að aðstoða og eiga umræður um rannsóknaverkefni.“

*Margrét Guðnadóttir,
doktorsnemi í hjúkrunarfræði*



„Doktorsnám í hjúkrunarfræði er áskorun sem ýtir undir faglegan og persónulegan styrk og þroska. Námið byggir á sjálfstæðum, öguðum vinnubrögðum og gefur tækifæri til að kafa á dýptina í rannsóknarefni. Í slíkri köfun er ómetanlegt að finna einlægan stuðning og velvilja

leiðbeinanda. Auk þess er samfélag doktorsnema við hjúkrunarfræðideildina hressandi, fræðandi og upplífandi jafningjagruðvöllur.“

Heilbrigðisvísindasvið

Heilbrigðisvísindasvið Háskóla Íslands er í fararbroddi í rannsóknum og nýsköpun á sviði heilbrigðismála á Íslandi og gegnir lykilhlutverki við menntun heilbrigðisstarfsfólks hér á landi.

Rannsóknir og nýsköpun

Margir fremstu sérfræðingar þjóðarinnar í heilbrigðisvísindum koma að kennslu og rannsóknum á Heilbrigðisvísindasviði. Fjölmargar rannsóknastofnanir starfa í tengslum við sviðið og áhersla er lögð á gæði, nýsköpun og framþróun.

Öflug tengsl við atvinnulíf

Fjöldi framsækinnra fyrirtækja úr atvinnulífinu tengjast rannsóknum á Heilbrigðisvísindasviði. Vísindafólk við sviðið hefur öflug tengsl við atvinnulífið. Sem dæmi um samstarfsaðila má nefna Landspítala, Hjartavernd, DeCode, Össur, Alvogen, Matís, Heilsugæsluna og fjölda sprotafyrirtækja.

Hjúkrunarfræðideild · Eirberg · Eiríksgötu 34 · 101 Reykjavík · Sími: 525 4960 · Fax: 525 4963 · hjukrun@hi.is

www.hjukrun.hi.is



HÁSKÓLI ÍSLANDS
HJÚKRUNARFRÆÐIDEILD